

# STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 2002

21. janúar 2002

65

Nr. 40

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum í Langaneskanti.

1. gr.

Frá og með 24. janúar 2002 eru allar rækjuveiðar óheimilar í Langaneskanti, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1.  $67^{\circ} 30'00$  N –  $16^{\circ} 40'00$  V
2.  $67^{\circ} 30'00$  N –  $14^{\circ} 10'00$  V
3.  $66^{\circ} 30'00$  N –  $12^{\circ} 01'50$  V
4.  $66^{\circ} 30'00$  N –  $12^{\circ} 35'80$  V
5.  $66^{\circ} 50'80$  N –  $13^{\circ} 14'50$  V
6.  $67^{\circ} 04'00$  N –  $14^{\circ} 49'60$  V
7.  $67^{\circ} 11'00$  N –  $16^{\circ} 40'00$  V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*